

Samkvæmt reglugerðum um notkun lokaðra og opinna geislalinda (nr. 811/2003 og 809/2003 sjá vefsíðu www.geislavarnir.is er þess krafist að allur búnaður sem inniheldur geislavirk efni sé merktur með geislavarnarmerki og fylgi honum upplýsingar um styrk efnanna og kjarntegund.



Útlit tækja með geislavirkum efnum getur verið margskonar. Þar sem alls ekki má farga geislavirkum efnum sem brotamálmi hafa Dönsku geislavarnirnar gefið út bækling með myndum af mörgum þessara tækja og dreift honum til brotamálmstöðva. Þessi bæklingur, sérstaklega myndirnar, geta verið gagnlegar fyrir fleiri aðila. Slóð á bæklinginn er hér:

http://www.sundhedsstyrelsen.dk/faglige_omr/SIS/Radioaktivitet/Vejledning_radioaktivitet/Vejl_skrot_stor.pdf

Um merkingar á færanlegum mælitækjum sem nota geislavirk efni, gildir reglugerð 984/2000 um flutning á hættulegum farmi sem vísar í alþjóðlegar ADR reglur. Á vefsíðu Geislavarna (undir fræðsluefni \ notkun geislunar) er að finna fræðsluefni á íslensku sem lýsir þessum reglum, fyrst og fremst er um að ræða tæki frá fyrirtækinu Troxler).

http://www.gr.is/media/fraedsluefni/fraedsla_flutning_faeranlegra_tækja.pdf



Á vefsíðu IAEA (alþjóðlegu kjarnorkumálastofnunarinnar) er að finna einfaldar upplýsingar á ensku um merkingar á umbúðum utan um geislavirk efni í flutningum.

<http://www-ns.iaea.org/tech-areas/emergency/iec/fra/html/ti1-transport.htm>

Þessar upplýsingar eru úr riti frá IAEA sem sérstaklega er ætlað viðbragðsaðilum, sem kynnu að koma að slyssað til dæmis eftir árekstur, þar sem geislavirk efni hafa verið í flutningum: *IAEA Manual for first responders to radiological emergency* :

http://www-ns.iaea.org/tech-areas/emergency/iec/fra/downloads/pubs/EPR_FirstResponder_web.pdf

Tekið er fram að Geislavarnir ríkisins bera ekki ábyrgð á áreiðanleika upplýsinga á vefjum sem vísað er til utan stofnunar og að eftirlit og framkvæmd laga um flutning geislavirkra efna er á hendi Vinnueftirlits ríkisins en ekki Geislavarna.